



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

ÚTHLUTUNARREGLUR

SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR Á SUÐURLANDI

SÓKNARFÆRI
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

22. apríl 2020

UM SJÓÐINN

Sóknarfæri ferðapjónustunnar er átaksverkefni og samkeppnissjóður Sóknaráætlunar Suðurlands. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja starfandi ferðapjónustufyrirtæki og fyrirtæki sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðapjónustu, sé miðað við s.l. rekstrarár. Umsjón og ábyrgð sjóðsins er hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Stjórn SASS fer með hlutverk úthlutunarnefndar. Við mat á umsóknum skipar stjórn SASS fagráð. Fagráð fer yfir umsóknir og skilar tillögum til stjórnar.

ALMENNAR REGLUR OG VIÐMIÐANIR

1. Við mat á umsóknum er tekið mið af þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn og meðfylgjandi gögnum. Umsókn skal útfyllt og skilað með rafrænum hætti skv. leiðbeiningum á vef SASS. SASS áskilur sér rétt til að hafna umsókn ef hún telst ekki útfyllt á fullnægjandi hátt skv. leiðbeiningum eða ekki talin falla að markmiðum sjóðsins, og er hún þá ekki tekin til efnislegrar meðferðar.
2. Þeir sem geta sótt um styrk eru lögaðilar sem hafa heimilisfestu eða aðsetur á Suðurlandi og starfa við ferðapjónustu eða hafa meirihluta sinni tekna á árinu 2019 af ferðamönnum.
3. Umsóknir frá stofnunum í eigu- eða meirihluta eigu sveitarfélaga eða ríkisins uppfylla ekki skilyrði sjóðsins.
4. Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra en birtur er listi yfir styrkþega.
5. Verkefnið stendur yfir frá því að úthlutun hefur verið kunngjörð og fram til 30. nóvember 2020.
6. Hafi styrkþegi ekki staðfest þátttöku í verkefninu að 4 vikum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin niður.
7. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna. Forsenda útgreiðslna er að innsend áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt af SASS (sjá nánar leiðbeiningar og reglur um skil á áfanga- og lokaskýrslum á vef SASS). Unnt verður að skila inn áfangaskýrslu og sækja um útgreiðslu á hluta styrkveitingarinnar á tímabilinu. Öllum umsækjendum ber þó að hafa skilað lokaskýrslu fyrir 30. nóvember 2020. Eftir 30. nóvember 2020 falla eftirstöðvar styrkveitinga niður.
8. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.

STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Eftirfarandi leiðbeiningar fjalla um styrkhæfan kostnað;

- Einungis er viðurkennur styrkhæfur kostnaður sem felur í sér aðkeypta þjónustu vegna verkefnisins, sem jafnframt þarf að falla að markmiðum sjóðsins og eða vinnuframlag styrkþega.
- Um vinnuframlag styrkþega gildir að í skilum á áfanga- og lokaskýrslum þarf að gera grein fyrir vinnuframlagi og er miðast hver vinnustund við 4.500, kr.
- Einungis er greitt út eftir innsendum áfanga- eða lokaskýrslum þar sem fram koma meðfylgjandi afrit af reikningum og/eða vinnuskýrslum sem samsvara að lágmarki umbeðinni fjárhæð til útgreiðslu.
- Útlagður kostnaður fyrirtækis getur verið lægri eða hærri en 500.000, kr. Heildarframlag sjóðsins getur þó að hámarki verið 500.000, kr.
- Kostnaður eða vinnuframlag sem fallið hefur til vegna verkefnisins **áður** en umsókn var send til SASS, telst **ekki** til styrkhæfs kostnaðar.

MARKMIÐ SÓKNARFÆRA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR:

- Styðja við starfandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi
- Styðja við verkefni fyrirtækja til markaðssóknar, hagnýtingar tækifæra og til að bregðast við erfiðleikum í rekstri

ÁHERSLUR SÓKNARFÆRA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR:

Verkefni sem styrkt eru þurfa að falla að einni eða fleiri áherslum sjóðsins:

- Gerð markaðsefnis og markaðssóknar gagnvart ferðamönnum
- Vöru- og viðskiptaþróun til að hagnýta tækifæri vegna breyttra aðstæðna
- Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

MATSPÆTTIR

Í matsferli umsókna er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarpætti. Einkunnir eru gefnar við hvern viðmiðunarpátt og eru þær á skalanum 0 til 5. Samanlögð niðurstaða er heildareinkunn hvers verkefnis og getur hún mest verið 15 stig.

- A. Fellur vel að markmiðum og áherslum
- B. Atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs grundvelli á Suðurlandi
- C. Styrkveiting og stuðningur hefur mikil áhrif á framgang verkefnis